

Bráðabirgðagerðir kirkjuþings 2017 – birtar með fyrirvara

Mál samþykkt á þingfundi 10. mars 2018

Ályktun við fjármál þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2017 samþykkir endurskoðaðan ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016.

Ályktun um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna (4. mál) og frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (15. mál).

Síðastliðin tíu ár hefur kirkjuþing unnið að samningu frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga er koma skyldu í stað laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Mikill þungi hefur verið í starfinu á síðustu missirum eftir að löggjafarnefnd kirkjuþings tók við þessari vinnu. Störfum nefndarinnar er nú svo komið að góður samhljómur er með fulltrúum kirkjuþings um meginatriði frumvarpsins.

Kirkjuþing 2017 lítur svo á að nú sé tímabært fyrir þjóðkirkjuna að fá frekari upplýsingar frá ríkisvaldinu um þær viðræður sem ríkið óskaði eftir við kirkjuna um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og íslensku þjóðkirkjunnar. Í því skyni fól kirkjuþing 2015 sérstakri nefnd að annast viðræður af kirkjunnar hálfu við ríkisvaldið um þessi málefni.

Kirkjuþing 2017 ályktar, í ljósi þess sem að framan greinir, að beina því til ríkisvaldsins að ofangreindar viðræður verði leiddar til lykta sem fyrst svo kirkjuþing fái betri yfirsýn um þessi mál. Að þeim viðræðum loknum mun kirkjuþing gera tillögu að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga svo leggja megi það fyrir dómsmálaráðherra.

Þá vill kirkjuþing 2017 beina því til dómsmálaráðherra að hann heimili starfsfólki sínu og kirkjuþings að fjalla um fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til þjóðkirkjulaga. Ástæðan er sú að í þessum drögum er gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga um úrskurðarnefnd - er varða ágreining á kirkjulegum vettvangi - verði færð í sérstakt frumvarp um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, en þar yrði nefndarskipan og úrræði nefndarinnar með öðrum hætti en nú.

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

1. gr.

■Mörk Keflavíkursóknar og Ytri-Njarðvíkursóknar, Kjalarnesprófastsdæmi, skulu dregin um miðlínu Þjóðbrautar í Reykjanesbæ frá Reykjanesbraut að Bakkavegi og þaðan út í sjó. Hnitasetning þeirra sóknarmarka er nánar tiltekið sem hér segir:

324934 m	392378 m
325100 m	392585 m

325210 m	392574 m
325313 m	392599 m
325370 m	392641 m
325519 m	392769 m
325627 m	392825 m
325930 m	392828 m
326249 m	392853 m
326535 m	392835 m

2. gr

■ Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 7871997 öðlast gildi 30. nóvember 2018.

Ályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2017 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

Kjalarnesprófastsdæmi

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði

Vesturlandsprófastsdæmi

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað

Vestfjarðaprófastsdæmi

Hellisbraut 4, Reykhólum, Króksfjarðarnesi
Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ
Árnes I

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Kirkjugötu 13, Hofsósi

Austurlandsprófastsdæmi

Hamrahlíð 12, Vopnafirði
Hraungarður 8, Eiðum. (Ekki hægt að selja vegna lóðamála)

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2019.

Kirkjuþing 2017 kaus eftirfarandi fulltrúa í uppstillingarnefnd kirkjunnar við kirkjuþingskjör 2018:

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir)

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Benedikta G Waage, netfang:

Kjalarnesrófastsdæmi

Elín Jóhannsdóttir, Litlubæjarvör 15, 225 Álftanesi

Vesturlandsrófastsdæmi

Arna Einarsdóttir Klettavík 5, Borgarnesi.

Vestfjarðarófastsdæmi

Hlynur Hafberg Snorrason, Móholti 8, 400 Ísafirðir

Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi

Jóhanna Magnúsdóttir, Ártúnum, 541 Blönduós,

Eyjafjarðar- og Þingeyjarrófastsdæmi

Aðalsteinn Már Þorsteinsson, Hjalla, Reykjadal

Austurlandsrófastsdæmi

Ólafur Eggertsson Berunesi 1 766 Djúpavogshreppi

Suðurrófastsdæmi

Magnús Kristinsson, Búhamri 11, 900 Vestmannaeyjum,